



Forsætisráðuneyti
Mál nr. S-42/2019
Samráðsgátt

Reykjavík 18. febrúar 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi veita svofellda umsögn um ofangreind frumvarpsdrög.

Samtökin fagna framkomnum frumvarpsdrögum og lýsa ánægju sinni yfir þeirri viðurkenningu sem komin er fram af hálfu ráðuneytisins á rétti barna til að ákvarða kyn sitt sjálf.

Að mati samtakanna er það þó galli á frumvarpinu að ekki sé tekin skýr afstaða gegn óafturkræfum aðgerðum á ungabörnum sem fæðast með ódæmigerð kynneinkenni. Það er í hróplegu ósamræmi við efni frumvarps þessa að enn sé heimilt að framkvæma aðgerðir sem taka af skarið um kyn barnsins, án samráðs við barnið sjálft, þ.e. áður en barnið hefur tækifæri til að tjá sig um vilja sinn og vissu um hvers kyns það er. Ef aðgerð til „leiðréttingar“ á kynfærum barns er framkvæmd er hún óafturkræf og því brot gegn rétti barnsins til að ákvarða eigið kyn. Þau dæmi eru auðvitað sýnu verri þegar aðgerð er framkvæmd á þann veg að kynfæri eru löguð að röngu kyni.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lýst því yfir í lokaathugasemdum sínum til margra ríkja að það brjóti gegn mannréttindum barna að slíkar aðgerðir séu heimilar og framkvæmdar. Til að mynda í lokaathugasemdum til Danmerkur árið 2017 sem finna má [hér](#).

Nýlega gaf Evrópuþingið frá sér yfirlýsingu um réttindi Intersex fólks þar sem slíkar ónauðsynlegar aðgerðir eru fordæmdar og hvetur þau ríki Evrópusambandsins sem ekki hafa lagt bann við þeim til að gera það hið fyrsta. Sjá vefslóð á yfirlýsinguna [hér](#).

Einnig má nefna að Evrópuráðið gaf frá sér yfirlýsingu árið 2017 sem hafði að geyma áskorun til aðildarríkja Evrópuráðsins um að leggja bann við ónauðsynlegum og óafturkræfum aðgerðum á intersex börnum án samþykkis þeirra. Sjá vefslóð á yfirlýsingu Evrópuráðsins [hér](#).

Barnaheill skora á forsætisráðuneytið að bæta við frumvarpið ákvæði sem legði bann við ónauðsynlegum og óafturkræfum aðgerðum á intersex börnum án samþykkis þeirra.

Að öðru leyti styðja Barnaheill við frumvarpsdrögin eins og þau hafa verið birt.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.